

Reykjavík,  
27. júní 2018.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Velferðarráðneytinu  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

**Efni: Viðbrögð Geðhjálpar við skýrslu heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál**

Stjórn Geðhjálpar færir heilbrigðisráðherra þakkið sínar fyrir skýrslu ráðherra um geðheilbrigðismál og framkvæmd *stefnu og aðgerðaráætlunar í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára*. Stjórnin treystir því að sú ákvörðun ráðherra að ráðast í gerð skýrslunnar feli í sér einlægan ásetning hans til að stuðla að raunverulegum umbótum í þessum vanrækta málaflokki á kjörtímabilinu. Í skýrslunni er að finna marga jákvæða áhersluþætti, m.a. um geðrækt, forvarnir, snemmtæka íhlutun og skimun vegna geðræns vanda barna. Sama má segja um áherslu skýrsluhöfundar á að stuðla að þéttri samvinnu ríkis og sveitarfélaga, áhuga á eflingu heilsugæslunnar og fjarþjónustu svo dæmi séu nefnd.

Að skapa yfirlit yfir geðheilbrigðisþjónustu þjóðarinnar er talsverð áskorun. Skýrslan gefur ágæta mynd af verkefnum sveitarfélaga og stofnana á borð við embættis landlæknis. Á hinn bóginn er umfjöllun um félagsleg úrræði fremur rýr og telur aðeins fimm línur í heildartextanum. Stjórn Geðhjálpar þykir miður að ekki skuli hafa verið lögð meiri áhersla á starfsemi frjálsra félagasamtaka og hlut notenda í stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar en raun ber vitni í skýrslunni. Þó tæpt sé á þátttöku notenda fer því fjarri að hlutverki þeirra sé gert jafn hátt undir höfði og eðlilegt er í skýrslunni.

Hvergi eru að finna upplýsingar um umfang eða spá um þróun vandans í einstökum landshlutum af þeirri einföldu ástæðu að slíkar tölur eru ekki fyrir hendi. Brýnt er að bæta úr því í þeim tilgangi að stuðla að betri og markvissari þjónustu við fólk með geðrænan vanda um landið allt. Sú staðhæfing skýrsluhöfundar að boðið sé upp á geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum á landinu öllu samræmist ekki ábendingum notenda af landsbyggðinni til Geðhjálpar. Þvert á móti virðist mikið vanta upp á að boðið sé upp á viðhlítandi þjónustu við notendur geðheilbrigðisþjónustunnar á landsbyggðinni. Með sama hætti ber að áréttta nauðsyn þess að hið opinbera setji viðmið um 1., 2. og 3. stigs þjónustu í þeim tilgangi að stofnanir skilgreini ekki sjálfar þjónustu sína með þeim afleiðingum að grá svæði myndist í þjónustunni.

Stjórn Geðhjálpar saknar þess að ekki skuli gerð grein fyrir áhrifum samfélagsgerðar og menningar með ítarlegum hætti á geðheilsu fólks í skýrslunni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þættir eins og vinnumenning, aðbúnaður fjölskyldna og barna hafa afgerandi áhrif á geðheilsu almennings. Vert er að hafa í huga vaxandi tíðni svokallaðrar kulnunar á íslenskum vinnumarkaði. Með sama hætti hefur versnandi geðheilsa ungs fólks vakið athygli á undanförunum misserum. Sú staðreynd hefur verið sett í samhengi við vaxandi fjölda ungs fólks á örorku, m.a. hátt í 30% fjölgun ungra karla með geðgreiningu á örorku frá árinu 2012. Hvergi er minnst á samvinnuverkefni Geðhjálpar og Reykjavíkurborgar um rekstur Bataskóla Íslands í skýrslunni þótt úrræðið sé til þess fallið að auka lífsgæði og stuðla að aukinni þátttöku fólks með geðrænan vanda í samfélaginu. Geðraskanir eru langalgengasta ástæða örorku á Íslandi. Hátt í 7.300 manns eða 38% öryrkja eru öryrkjar á grundvelli geðgreiningar.

Miður er að ekki skuli fjallað um skort á sérhæfðri þjónustu við viðkvæma hópa í skýrslunni. Sem dæmi er hægt að nefna að knýjandi skortur er á langtímameðferð fyrir konur og karla með tvíþættan og þríþættan vanda í samfélaginu. Sú staðreynd að tilfinnanlegur skortur er á viðeigandi þjónustu fyrir þennan hóp hefur m.a. þær afleiðingar í för með sér að heimilislausum í höfuðborginni fer fjölgandi með tilheyrandi afleiðingum fyrir einstaklingana sjálfa, aðstandendur þeirra og sveitarfélagið. Aldraðir eru dæmi um annan vanræktan hóp því bæði skortir sérhæfð hjúkrunarrými og samtalsmeðferð fyrir þennan hóp.

Með sama hætti hafa Geðhjálp, Ríkisendurskoðun, Umboðsmaður alþingis og svokölluð CPT-nefnd (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment) ítrekað bent á að takmörkuð geðheilbrigðisþjónusta í íslenskum fangelsum samræmist hvorki mannréttindaákvæðum Stjórnarskrár lýðveldisins né Mannréttinasáttmála Evrópu. Síðast en ekki síst má geta þess að dæmi eru um að einstaklingi með þroskahömlun hafi verið neitað um þjónustu á geðsviði Landspítalans vegna skorts á sérfræðipækkingu fyrir þennan hóp á spítalanum.


Skýrsluhöfundur reifar framkvæmd gildandi stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum. Staðhæft er að vinna við að tryggja aðgengi að gagnreyndri meðferð sálfræðinga á 50% heilsugæustöðva í lok ársins 2017 og 90% í lok ársins 2019 sé á áætlun. Samkvæmt upplýsingum Geðhjálp er slíkt aðgengi aðeins fyrir hendi fyrir ungt fólk undir 18 ára aldri og foreldra í þjónustu meðraverndar. Aðeins er útlit fyrir að boðið verði upp 3,5 stöðugildi sálfræðinga á 5 heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu fyrir fullorðna á árinu.

Staðhæft er að góð samvinna sé á milli geðsviðs Landspítalans og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um viðeigandi búsetuúrræði fyrir útskrifaða notendur á geðsviði. Í sjálfri aðgerðaráætluninni kemur fram að velferðarráðuneytið beri meginábyrgð á framkvæmd þessarar aðgerðar og er brýnt að ríkið axli þá ábyrgð en ýti ekki vandanum yfir á sveitarfélagið. Heimildir Geðhjálpar herma að 7 útskriftarhæfir einstaklingar búi á Landspítalanum um þessar mundir. Þessir einstaklingar eiga ekki aðeins rétt á því að búa úti í samfélaginu samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks heldur teppa þeir pláss fyrir öðrum sjúklingum og hrakar jafnvel af því að búa á spítalanum.

Síðast en ekki síst vekur athygli að hvergi er í skýrslunni vikið að mikilvægi þess að mannréttindi notenda séu virt í allri geðheilbrigðisþjónustu. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af mannréttindabrotum í garð fólks með geðrænan vanda í íslensku samfélagi. Þvingun af einhvers konar tagi er beitt gagnvart notenda geðheilbrigðisþjónustunnar á hverjum einasta degi á Íslandi. Þar er hægt að nefna að þriðja hvern dag er einstaklingur með geðrænan vanda fluttur nauðugur á sjúkrahús. Heldur oftast eða hátt í 170 sinnum á ári er varnarteymi Landspítalans kallað út vegna sjúklings á Landspítalanum. Ótalin eru annars konar mannréttindabrot gagnvart þessum viðkvæma hópi.

Stjórn Geðhjálpar skorar á stjórnvöld að leggjast á árarar með notendasamtökum um að útrýma þessari þvingun og mannréttindabrotum gagnvart fólki með geðrænan vanda.

Virðingarfyllst,



Hranar Jónsson, formaður Geðhjálpar.